

**Nd.**

**660. Nefndarálit**

[272. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGU:**

Á eftir 10. gr. komi ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði á lögbýlum eftir sambærilegum reglum og verið hefur, þar til Byggingarsjóður ríkisins tekur upp lánveitingar til slíkra framkvæmda.

Alþingi, 22. apríl 1978.

Stefán Valgeirsson,  
form., frsm.

Pálmi Jónsson.

Þórarinn Sigurjónsson,  
fundaskr.

Eðvarð Sigurðsson.

Ingólfur Jónsson.

Friðjón Þórðarson.